

KIRKJUGARÐARÁÐ

Fjarfundur

174. fundur haldinn fimmtudaginn 18. mars 2021.

Þátttakendur voru: Ragnildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri ráðsins.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:00. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Kynning á skýrslu Haraldar L. Haraldssonar hagfræðings um grafarkostnað hjá KGRP.

Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Skýrslan var unnin að beiðni Kirkjugarðasambands Íslands. Byggir hún á tölulegum upplýsingum úr bókhaldi KGRP. Er niðurstaðan sú að grafarkostnaður hjá KGRP árið 2020 er umtalsvert meiri en framlög sem ætlaður er til þess að mæta honum. Má reikna með að sama gildi um aðra kirkjugarða landsins.

3. Tillaga að einingarverði grafargjalds árið 2021.

Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Kostnaður vegna umhirðu lækkaður í 80% og færðar yfir í grafarsjóð kr. 13.621.118. Kr. 5,389,892 færðar af framlagi frá bálstofu í grafarsjóð. Grafarsjóður verður við það nettó kr. 175.569.156 Kirkjugarðaráð samþykkti eftirfarandi tillögu stjórnar Kirkjugarðasambandsins að einingarverði fyrir grafartöku, umhirðu og bálstofu.

Flokkar	Áætlaður fjöldi grafa	Meðaltal reiknaðs verð til kirkjugarðs fyrir lagabreytingu	Grafargjald 2021 *)	Mismunur	Breyting í %
A ¹⁾	210	47.917	92.726	44.809	93,5%
B ²⁾	1.084	41.434	82.051	40.616	98,0%
C ³⁾	1.000	23.331	67.154	43.823	187,8%
	2.294	35.776	76.534	40.758	113,9%

¹⁾ Flokkar kirkjugarða nr. 1 - 4

²⁾ Flokkar kirkjugarða nr. 5 - 10

³⁾ Duftgrafir

Flokkar	Áætlaður fjöldi grafa	*) Útreiknað m.v. nýjar forsendur um fjölda grafa og sömu skiptingu milli flokka og gerð var í júlí 2020 e. lagabreytingu	Grafargjald 2021 *)
A ¹⁾	210	92.726	19.472.384
B ²⁾	1.084	82.051	88.943.111
C ³⁾	1.000	67.154	67.153.661
	2.294	76.534	175.569.156

4. Fundur í dómsmálaráðuneytinu varðandi framtíð bálstofunnar í Fossvogi.

Föstudaginn 19. mars munu Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Valtýr Valtýsson og Ragnhildur Benediktsdóttir eiga fund í dómsmálaráðuneyti með ráðuneytisstjóra og tveimur embættismönnum ráðuneytisins. Óskað verður eftir að ráðherra skipi nefnd til að móta tillögur um framtíð bálstofu. Nefndina skipi fulltrúar frá dómsmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Kirkjugarðaráði. Verkefnið yrði í meginatriðum að kanna þörf fyrir nýrri bálstofu, kostnað við byggingu hennar og rekstur ásamt því að leggja til hvernig sá kostnaður yrði fjármagnaður.

5. Næsti fundur.

Næsti fundur verður 8. apríl kl.13:00.

6. Önnur mál.

a. Smári Sigurðsson mun kynna áform um nýjan grafgreit á Akureyri á næsta fundi.

b. Kristín Huld Sigurðardóttir gerði grein fyrir stöðu mála vegna hönnunarsamkeppni um útlit Víkurgarðs. Dregist hefur að koma keppninni af stað þar sem Reykjavíkurborg hefur tafið málið. Mennta- og menningarmálaráðherra og borgarstjóri höfðu komið sér saman um formann dómnefndar. Minjastofnun hefur tilnefnt fulltrúa í dómnefnd og forvalsnefnd. Minjastofnun hefur haft samband við FÍLA um samstarf þar sem Reykjavíkurborg gerði ekkert í því máli. Borgin hefur heldur ekki tilnefnt fulltrúa í dómnefnd né forvalsnefnd. Ástæðan er að borgin efast um ákvæði í þinglýsingu friðlýsingar Víkurgarðs sem felur m.a. í sér að sögustaðurinn Víkurgarður auk minja í garðinum sé friðlýstur og því í umsjón Minjastofnunar.

Fundi slitið kl. 14:10.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari